

Fiskeldið Haukamýri ehf
Haukamýragili
640 Húsavík

Akureyri, 24. júní 2021
UST202103-106/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit 2021 - Fiskeldið Haukamýri - þann 20.5.2021

Þann 20. maí sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Fiskeldisins Haukamýri, Húsavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ekkert nýtt frávik kom fram frá kröfum starfsleyfis í eftirlitinu en þrjár ábendingar voru settar fram er varða umgengni á lóð stöðvarinnar, uppfærslu áætlana og fjölda fugla við frárennsli í viðtaka. Staðfest var í eftirlitinu að úrbótum vegna fráviks frá síðasta eftirliti er lokið nema frávik er varðar sláturhús og vinnslu við stöðina. Fyrirhugað er að sækja um nýtt starfsleyfi fyrir stöðina og verður slátrun og vinnsla fiskjar sett inn í þá umsókn. **Óskað er eftir því að rekstraraðili sendi inn tímasetta áætlun um það hvenær umsókn um nýtt starfsleyfi verði send Umhverfisstofnun og að sú áætlun berist stofnuninni eigi síðar en 15. júlí 2021.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir
Sérfræðingur